

Alþingi  
Erindi nr. P 127/297  
komudagur 29.11.2001



IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Alþingi - Iðnaðarnefnd  
Sigrún Brynja Einarsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Amarhvoli 150 Reykjavík  
sími: 560 9070 brefasími: 562 1289  
netfang: postur@ivr.stjr.is  
veffang: <http://www.stjr.is/ivr>

Reykjavík, 28. nóvember 2001  
Tilvísun : IVR01110031/10.203/HB

Hér með sendir Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið yður umsögn sína um þingsályktunartillögu um áfangaskýrslu frá verkefnisstjórn Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðhita, þskj. 9 - 9. mál, sem iðnaðarnefnd Alþingis óskaði eftir með bréfi dags. 7. nóvember s.l.

F.h.r.

*Helgi Djanaman / Kristin Jaraldsdóttir*

Umsögn um

**Tillögu til þingsályktunar  
um áfangaskýrslu frá verkefnisstjórn Rammaáætlunar  
um nýtingu vatnsafls og jarðvarma**

Iðnaðar og viðskiptaráðuneytinu hefur borist til umsagnar frá iðnaðarnefnd Alþingis tillaga til þingsályktunar um áfangaskýrslu frá verkefnisstjórn Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Hér á eftir er umsögn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis um ofangreinda þingsályktunartillögu:

Í febrúar 1997 samþykkti ríkisstjórnin að iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra léti gera rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Áætlunin skyldi vera í samræmi við samhæfða stefnu í umhverfis-, orku-, iðnaðar- og efnahagsmálum. „Í henni verði sérstaklega fjallað um verndargildi einstakra vatnasvæða og niðurstöður færðar að skipulagi“. Ennfremur skyldu gerðar „rannsóknir til að afla grundvallarþekkingar á umhverfisáhrifum virkjana á Íslandi og fé lagt til þróunar rannsóknaraðferða í því skyni“.

Í mars 1999 kynnti iðnaðarráðherra Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma undir kjörorðinu Maður – Nýting – Náttúra. Markmið hennar væri m.a. að „leggja grundvöll að forgangsröðun virkjunarkosta með tilliti til þarfar þjóðfélagsins hvað varðar atvinnustarfsemi, varðveislu náttúrugæða, styrkingu landsbyggðar og hagsmuna allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi“.

Yfir verkefninu er 16 manna verkefnisstjórn. Formaður hennar er Sveinbjörn Björnsson, fyrrum háskólarektor. Undir verkefnisstjórninni starfa fjórir faghópar, skipaðir alls um 40 sérfræðingum. Hóparnir skulu hver á sínu fagsviði glíma við að meta hagkvæmni og orkugetu áformaðra virkjana og líkleg áhrif þeirra á náttúru og minjar, útivist og hlunnindi, þjóðhagsmál, byggðapróun og atvinnustarfsemi, þar á meðal ferðaþjónustu. Rammaáætlunin byggir á faglegum grunni, og til að stuðla að trúnaði og sátt um niðurstöður hefur almenningur tök á að fylgjast með vinnu sérfræðinga og koma á framfæri spurningum og ábendingum. Í þeim tilgangi hafa stjórnvöld falið Landvernd að annast samráð við almenning og félagasamtök. Samráðið á að treysta þann þekkingargrunn sem verkefnisstjórn getur byggt ákvarðanir sínar á.

Í forskrift að verkefninu er það talið vera hlutverk rannsóknastofnana viðkomandi ráðuneyta, einkum Orkustofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands að standa fyrir nauðsynlegum rannsóknum. Fjármagn til rannsókna og nefndarstarfanna kemur frá Orkusjóði á grundvelli endurgreidds rannsóknarkostnaðar virkjana auk framlags frá viðkomandi rannsóknarstofnunum. Orkufyrirtæki sem undirbúa virkjanir leggja einnig mikið fé til þessara rannsókna.

Nauðsynlegar grunnrannsóknir eru forsenda þess að hægt sé að byggja ákvarðanir á faglegum grunni. Faghópar munu að sjálfsögðu nýta sér þær rannsóknir sem þegar eru til á þeirra fagsviði, en auk þess hafa Orkustofnun og verkefnisstjórn haft forgöngu um verulegar viðbótarrannsóknir þar sem ljóst var að skortur á gögnum gæti orðið vandamál. Dæmi um rannsóknir sem unnið hefur verið að í tengslum við rammaáætlunina eru:

- Rannsóknir á náttúruferjum virkjunarsvæða og líffræði vatna.
- Skilgreining aðferða til að meta náttúruverndargildi hugsanlegra virkjunarsvæða
- Rannsóknir á vatnafari, endurskoðun rennslisgagna, rennslislíkön
- Rannsókn á ferðamennsku og gildi landssvæða til útivistar
- Rannsókn á aðferðum við að meta landslag
- Rannsóknir á hagkvæmni virkjunarkosta og líklegum áhrifum virkjana á náttúru og samfélag

Verkefnisstjórn var skipuð í mars 1999 og fyrsti fundur hennar var haldinn 30. apríl. Skipan í einstaka faghópa var gerð samkvæmt tilnefningu milli 40 og 50 aðila og var tilnefningu og skipun í faghópa að mestu lokið í árslok 1999. Fljótlega varð mönnum ljóst að vegna umfangs verksins yrði nauðsynlegt að áfangaskipta vinnu verkefnisstjórnar. Að tillögu Orkustofnunar setti Verkefnisstjórnin sér það markmið í nóvember 1999 að í árslok 2002 skili hún fyrsta áfanga mats á allt að 25 virkjunarhugmyndum af hugsanlegum 100 hugmyndum sem komið gætu til umfjöllunar í Rammaáætlun og talið er að einna mest gögn og upplýsingar liggi fyrir um.

Í þessum fyrsta hópi verður lögð áhersla á virkjunarhugmyndir sem tengjast jökulám á hálendi og háhita nærri byggð. Stefnt er að því að meðal jökulána verði Jökulsár í Skagafirði, Skjálfandafljót, Jökulsá á Fjöllum, Jökulsá á Dal, Jökulsá á Fljótsdal, Hverfisfljót, Skaftá, Hólmsá, Markarfljót, Þjórsá og Hvítá í Árnassýslu. Meðal háhitasvæða sem vonast er til að komi til mats í árslok 2002 eru Reykjanes, Krísuvík, Trölladyngja og Brennisteinsfjöll á Reykjaneskaga, Nesjavellir, Grændalur og Ölkelduháls á Hengilssvæði, Torfajökulssvæði á Suðurlandi og Öxarfjörður, Þeistareykir, Krafla og Námafjall á Norðausturlandi.

Í tilefni mats á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar hefur verkefnisstjórnin að beiðni iðnaðarráðherra flýtt vinnu sinni við undirbúning að mati á virkjunarhugmyndum sem fela í sér umtalsverð miðlunarlón. Á fjárlögum 2001 var ráðstöfunarfé Orkusjóðs til undirbúningsrannsókna á vegum Orkustofnunar aukið til að flýta gerð skýrslna um þessar virkjunarhugmyndir og stefnir verkefnisstjórnin að því að gefa fyrstu umsögn sína um þær í febrúar 2002 eftir því sem staða rannsókna leyfir. Hér er um að ræða virkjunarkosti á vatnasviðum Jökulsána í Skagafirði, Jökulsár á Fjöllum, Jökulsá á Brú, Jökulsá í Fljótsdal, Skaftá, Hólmsá, Markarfljóti og Þjórsá. Staða rannsókna og undirbúnings leyfir ekki fleiri kosti til samanburðar við Kárahnjúkavirkjun og val þessara virkjunarkosta miðaðist við að geta fengið samanburð við þá virkjun. Sambærileg flýting á umsögn um virkjunarhugmyndir á háhitasvæðum verður hins vegar ekki gerleg þar sem rannsóknir, einkum á lífríki þeirra eiga lengra í land.

Rétt er að vekja athygli á því að hér er um að ræða fyrsta mat eða bráðabirgðamat, en ofangreindir virkjunarkostir verða einnig með í niðurstöðu fyrsta áfanga, sem vonir standa til að skilað verði um áramót 2002/3. Þessir virkjunarkostir styðjast í dag við afar misgóð grunngögn og rannsóknir þannig að hugsanlegt er að flokkun þeirra kunnist að breytast við betri upplýsingar. Rétt er að benda á að nú síðustu misseri eru faghópar á vegum verkefnisstjórnar að ganga frá tillögum sínum að aðferðafræði matsins í samráði við verkefnisstjórn, sem ber að móta verkreglur fyrir starf faghópanna og þá einkum varðandi stigagjöf þeirra. Að lokinni vinnu faghópanna við ofangreinda fyrstu virkjunarkosti sem teknir eru til mats mun verkefnisstjórn skilgreina og meta kostina í heild á grundvelli stigagjafar faghópa og er áætlað að þeirri vinnu ljúki í lok janúar og niðurstöður því væntanlega kynntar Alþingi í febrúar. Á þessu stigi vinnunnar við Rammaáætlun liggur því ekki fyrir áfangaskýrsla frá verkefnisstjórn.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að óskað er eftir áfangaskýrslu þar sem virkjunarkostir, sem taka þarf ákvarðanir um á næstu misserum, séu metnir og að stjórnvöld skuli taka mið af niðurstöðum áfangaskýrslunnar við val nýrra virkjunarkosta þar til Rammaáætlun hefur tekið gildi.

Rammaáætlun er langtum grófara mat en mat á umhverfisáhrifum einstakra virkjunarkosta og er einungis unnt að nota hana sem samanburðarmat á milli einstakra virkjunarkosta til að stuðla að og beina rannsóknum og áætlunum stjórnvalda og virkjunaraðila að hagkvæmustu kostum með minnstu umhverfisáhrifum strax á frumstigum áætlana. Í flestum tilvikum eru þeir virkjunarkostir, sem líklegast er að verði reistir á næstu árum, inni í fyrsta hluta Rammaáætlunar og er unnið að undirbúningi þeirra í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum. Verði fallist á virkjunarkost við mat á umhverfisáhrifum kemur til kasta Alþingis að heimila iðnaðarráðherra að leyfa viðkomandi framkvæmd í samræmi við 10. gr. orkulaga nr. 58/1967. Ákvarðanir um það í hvaða virkjanir skuli ráðist á hverjum tíma eru háðar eftirspurn eftir raforku á hverjum tíma og stöðu undirbúnings. Í 3. gr. laga um raforkuver segir að röð framkvæmda við virkjanir og aðrar stórfamkvæmdir í raforkumálum skuli ráðast af væntanlegri nýtingu orkunnar og skuli þess gætt við val á virkjunarkostum að orkuöflunin verði með sem hagkvæmustum hætti fyrir þjóðarbúið. Við val á virkjunarkostum skuli einnig leitast við að auka öryggi í vinnslu og flutningi á raforku um landið. Þá segir að áður en iðnaðarráðherra ákveði röð framkvæmda skuli liggja fyrir greinargerðir frá Landsvirkjun, Orkustofnun og öðrum aðilum sem hann kveður til.

Tilgangurinn með gerð sérstakrar skýrslu verkefnisstjórnar um nokkra helstu vatnsaflsvirkjunarkosti landsins var að þeir, sem tækju ákvörðun um svo stóra framkvæmd sem Kárahnúkavirkjun er, þ.e. Alþingi, hefðu í höndum samanburð við aðra hugsanlega kosti að því gefnu að fallist verði á mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar lögum samkvæmt. Fari svo, samkvæmt fyrirbyggjandi áætlun verkefnisstjórnar, að skýrsla hennar muni liggja fyrir áður en heimildarlög um virkjunina verða samþykkt á Alþingi er tilgangi með gerð hennar náð að mati iðnaðarráðuneytisins. Skýrslan mun veita ýmsar upplýsingar til samanburðar við marga þætti, sem til umræðu eru varðandi Kárahnúkavirkjun en hæpið er að hún nýtist við samanburð virkjunarkosta fyrr en fyrsta áfanga Rammaáætlunar lýkur. Ennfremur má benda á að verkefnisstjórn hefur ekki tekið endanlega ákvörðun um það hvernig niðurstöður verða fram settar, en ákvörðun þar um verður tekin innan skamms.

Í ljósi þess að sértsök skýrsla verkefnisstjórnar er enn í vinnslu, eins og hér að framan kemur fram, telur iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hvorki raunhæft né tímabært að kalla eftir henni þar eð niðurstöður hennar verða kynntar sérstaklega þegar vinnu við hana lýkur.

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Tilv. yðar

Tilv. vor 98.11

Dags. 28.11.2001

Varðar: **Tillögu til þingsályktunar um áfangaskýrslu frá verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.**

Árið 1999 fór af stað vinna við rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkistjórnarinnar í umhverfismálum frá árinu 1997, sem nefnd var: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, framkvæmdaáætlun til aldamóta. Í áætluninni segir m.a. „Áætlunin sé í samræmi við samhæfða stefnu í umhverfis-, orku-, iðnaðar- og efnahagsmálum. Í henni verði sérstaklega fjallað um verndargildi einstakra vatnasvæða og niðurstöður færðar að skipulagi. Í því sambandi verði sérstaklega könnuð áhrif smárra virkjana.”

Í kynningu iðnaðarráðherra frá mars 1999 kemur fram að þess sé vænst að rammaáætlun geti stuðlað að almennri sátt um sambýli manns og náttúru við nýtingu auðlindanna. Kjörorð verkefnisins skuli því vera Maður – Nýting – Náttúra og að „Markmið rammaáætlunar er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt vatnsafl og háhita, með tilliti til orkugetu, hagkvæmni, áhrifa á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar, svo og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði.”

Þá er fjallað um samráðs- og ráðgjafavettvang og sagt að brýnt sé að rammaáætlun njóti trausts úti í samfélaginu og því mikilvægt að hafa öflugt samráð meðan að henni sé unnið. Meðal hugsanlegra samráðsaðila verkefnisstjórnar er Landsvirkjun og önnur orkuframleiðslufyrirtæki nefnd.

Landsvirkjun vill vekja athygli á að núna situr enginn fulltrúi orkuframleiðenda í verkefnisstjórn og í þremur af fjórum faghópum. Orkuframleiðendur eiga eingöngu fulltrúa í faghópi IV sem vinnur við að skilgreina þá orkukosti sem fyrir hendi kunna að vera og meta orkugetu og orkukostnað þeirra.

Orkuframleiðendur fengu í október síðastliðnum fyrstu kynningu á starfi rammaáætlunar. Að mati Landsvirkjunar er sú aðferðafræði sem þar var kynnt enn í mótun og uppfyllir enn ekki þau markmið sem fram koma í ofangreindum stefnumiðum. Því telur Landsvirkjun óraunhæft á þessu stig að kalla eftir áfangaskýrslu og ætlast til þess að stjórnvöld taki mið af þeirri skýrslu við val nýrra virkjunarkosta. Landsvirkjun telur afar mikilvægt að aðferðafræði við flokkun virkjunarkosta sé fullmótuð og um hana ríki samstaða áður en hún er höfð til hliðsjónar við ákvarðanatöku stjórnvalda.




Landsvirkun telur vinnu við gerð rammaáætlunar engu að síður mikilvæga fyrir stjórnvöld og orkufyrirtækin þar sem þau verja stórum fjárhæðum til orkurannsókna. Rammaáætlunin ætti að nýtast þeim sem gróft viðmið við mat á væntanlegum umhverfisáhrifum og kostnaði áður en lagt er í kostnaðarsamar rannsóknir og vinnu við mat á umhverfisáhrifum.

Rammaáætlun byggir á takmörkuðum upplýsingum um virkjunarmöguleika og getur því aldrei verið annað en gróf flokkun á virkjunarkostum sem mótast af verðmætamati og tækniþekkingu á hverjum tíma. Getur hvort tveggja verið breytilegt og því mikilvægt að rammaáætlun sé lifandi og í sífelldri endurskoðun.

Þá telur Landsvirkjun miður að við gerð rammaáætlunar hafa þau skilaboð verið send út, jafnvel af opinberum stofnunum, að í rammaáætlun sé fundin lausnin við val og forgangsröðun virkjunarkosta. Ýmsir virðast þannig standa í þeirri trú að niðurstaða rammaáætlunar sé stóri sannleikurinn við mat og samanburð virkjunarkosta og hún komi nánast í stað laganna um mat á umhverfisáhrifum. Þetta er að áliti Landsvirkjunar misskilningur og í andstöðu við yfirlýsingar stjórnvalda og veitir rammaáætlun mun meira vægi en ætlað var.

Virðingarfyllst

Friðrik Sophusson  
forstjóri



Alþingi - Iðnaðarnefnd  
Sigrún Brynja Einarsdóttir

nefndarritari  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 107, 11. mars 2002*  
*komudagur 13.3.2002*  
Reykjavík, 11. mars 2002  
Tilvísun: 2001110013


**Efni: Umsögn Orkustofnunar um þingsályktunartillögu um áfangaskýrslu um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Bréf frá iðnaðarnefnd, dags. 7. nóvember 2001.**

Við eftirgrennslan í skjölum stofnunarinnar hefur komið í ljós að umræddu bréfi hefur ekki verið svarað.

Orkustofnun aðstoðaði iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið við gerð umsagnar þess og taldi sig ekki hafa neinu við hana að bæta.

Því var ekki talin ástæða til þess að stofnunin sendi sérstaka umsögn í sínu nafni. Hins vegar láðist að tilkynna iðnaðarnefnd Alþingis þetta og er beðist afsökunar á þeirri yfirsjón.

Virðingarfyllst

  
Þorkell Helgason  
orkumálastjóri





**SAMORKA**  
Samtök raforku-, hita- og vatnsveitna

Alþingi  
Erindi nr. P 127/284  
komudagur 29.11.2001

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 28. nóvember 2001

***Varðar: Tillögu til þingsályktunar um áfangaskýrslu frá verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.***

Í kynningu iðnaðarráðherra frá mars 1999 kemur fram að Markmið rammaáætlunar er “að leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt vatnsafl og háhita, með tilliti til orkugetu, hagkvæmni, áhrifa á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar, svo og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði.”

Samorka vill vekja athygli á að núna situr enginn fulltrúi orkufyrirtækja í verkefnisstjórn og í þremur af fjórum faghópum. Orkufyrirtæki eiga eingöngu fulltrúa í faghópi IV sem vinnur við að skilgreina þá orkukosti sem fyrir hendi kunna að vera og meta orkugetu og orkukostnað þeirra.

Orkufyrirtæki fengu í október síðastliðnum fyrstu kynningu á starfi rammaáætlunar. Að mati Samorku er sú aðferðafræði sem þar var kynnt enn í mótun og uppfyllir enn ekki þau markmið sem fram koma í ofangreindum stefnumiðum. Því telur Samorka óraunhæft á þessu stig að kalla eftir áfangaskýrslu og ætlast til þess að stjórnvöld taki mið af þeirri skýrslu við val nýrra virkjunarkosta. Samorka telur afar mikilvægt að aðferðafræði við flokkun virkjunarkosta sé fullmótuð og um hana ríki samstaða áður en hún er höfð til hliðsjónar við ákvarðanatöku stjórnvalda.

Samorka telur vinnu við gerð rammaáætlunar engu að síður mikilvæga fyrir stjórnvöld og orkufyrirtækin þar sem þau verja stórum fjárhæðum til orkurannsókna. Rammaáætlunin ætti að nýtast þeim sem gróft viðmið við mat á væntanlegum umhverfisáhrifum og kostnaði áður en lagt er í kostnaðarsamar rannsóknir og vinnu við mat á umhverfisáhrifum.

Rammaáætlun byggir á takmörkuðum upplýsingum um virkjunarmöguleika og getur því aldrei verið annað en gróf flokkun á virkjunarkostum sem mótast af verðmætamati og tækniþekkingu á hverjum tíma. Getur hvort tveggja verið breytilegt og því mikilvægt að rammaáætlun sé lifandi og í sífelldri endurskoðun.

Þá telur Samorka miður að við gerð rammaáætlunar hafi þau skilaboð verið send út, jafnvel af opinberum stofnunum, að í rammaáætlun sé fundin lausnin við val og forgangsröðun virkjunarkosta. Ýmsir virðast þannig standa í þeirri trú að niðurstaða rammaáætlunar sé stóri sannleikurinn við mat og samanburð virkjunarkosta og hún komi nánast í stað laganna um mat á umhverfisáhrifum. Þetta er að áliti Samorku misskilningur og í andstöðu við yfirlýsingar stjórnvalda og veitir rammaáætlun mun meira vægi en ætlað var.

Virðingarfyllt

Eiríkur Bogason, framkvæmdastjóri